

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Hauganess – lóð fyrir borholu.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. september 2024 breytingu á deiliskipulagi Hauganess.

Breytingin tekur til svæðis sem merkt er iðnaðarsvæði 757-I í gildandi aðalskipulagi og felur í sér að stofnuð er ný tæplega 500 m² lóð fyrir borholur fyrir jarðsjó ásamt tengdum mannvirkjum. Hámarks leyfilegt byggingarmagn er 25 m², hámarksvegg hæð er 2,7 m og hámarks mænishæð 3,5 m. Jafnframt eru settir skilmálar um tvíhalla þak og að ytra útlit, formun og yfirbragð byggingar taki mið af aðliggjandi byggð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 13. nóvember 2024,

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2024